

# Íslenska og fjölmennning – leiðbeiningarskjal 2024.

(Athugið að eftirfarandi leiðbeiningar eru ekki tæmandi listi, allar ábendingar skulu berast á netfangið [jovana@simenntun.is](mailto:jovana@simenntun.is) – ekki hika við að senda okkur gagnrýni).

Símenntun á Vesturlandi vill því hvetja allar stofnanir og einstaklinga á Vesturlandi að líta á íslenska tungu sem samfélagslega ábyrgð okkar allra. Við viljum hvetja fyrirtæki, stofnanir og einstakila á Vesturlandi að efla íslenska tungu og skapa inngildandi samfélag, til dæmis með því að:

- Líta ekki á íslenska tungu sem „sérstaka“ ábyrgð innflytjenda, heldur sem samfélagslega og lýðræðislega ábyrgð samfélagsins.
- Taka þátt í upplýsingamiðlun um íslensku t.d. ef þú sem vinur sjá auglýst námskeið eða aðra viðburði tengda íslensku. Símenntun einnig getum við sent reglulegar upplýsingar til stofnanna um sína viðburð og námskeið ef óskað eftir því á [simenntun@simenntun.is](mailto:simenntun@simenntun.is) eða [islenska@simenntun.is](mailto:islenska@simenntun.is).
- Gera sér grein fyrir því að tungumálið er mikilvæg forsenda til þess að skapa inngildandi samfélag fyrir öll.
- Mæta saman á viðburði tengda íslensku, lítum ekki á íslenskuviðburði einungis sem rými fyrir „hina“.
- Skapa hvata fyrir því að sækja námskeið eða viðburði t.d. með því að bjóða einstaklingum að klára fyrr, eða mæta seinna til vinnu meðan á íslenskunámi/viðburði stendur.
- Skapa öruggt rými fyrir samtal á íslensku; Bæði fyrir fólk sem stundar íslenskunám, en líka fyrir fólk kann og skilur íslensku en talar hana „ófullkomna“. Íslenska er allskonar - gefum henni séns.
- Tala fyrst á íslensku við fólk áður en annað kemur í ljós, bæði á vinnustöðum í búðinni og alls staðar annarsstaðar.
- Varast ómeðvitaða fordóma og staðalmyndir vegna útslits og/eða klæðnaðar.
- Gefa fólki tækifæri á að tala „ófullkomna“ íslensku án þess að það sé fyrirlitið.
- Gefa fólki vitneskju um það sé í lagi að tala (allskonar) íslensku.
- Gefa fólki af erlendum uppruna líka pláss og rými til að tala og skrifa „góða“ íslensku án þess að það þurfi alltaf að svara spurning um uppruna. Slíkar upplifanir geta verið skaðlegar og birst sem örareitni (e. Micro-aggression). <sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Sjá t.d. <https://uni.hi.is/eirikur/2024/02/07/orareitni/>

- Skapa einnig rými fyrir fólk af erlendum uppruna til að tala sitt eigið móðurmál sem er einnig mikilvægur þáttur í inngildandi samfélagi.
- Verum næm fyrir öðrum menningarheimum og gerum okkur grein fyrir því að þátttaka í einu samfélagi útilokar ekki aðra. Það er heill heimur af allskonar upplifunum, samtali, þekkingum, hugmyndum svo dæmi séu nefnd sem felst á bakvið annað tungumál.
- Gera okkur grein fyrir því menningarlegu og félagslegu auðmagni sem fólk af erlendum uppruna kemur með í íslenskt samfélag, meðal annars með því að tala annað mál heldur en íslensku - virkjum líka það auð. Í OECD (2024) skýrslu um málefni innflytjanda á Íslandi kemur meðal annars fram að það þurfi að nýta færni innflytjenda betur hér a landi þrátt fyrir háa atvinnuþátttöku. Það er mikill skortur á tækifærum, og alltof margir innflytjendur eru of menntaðir fyrir störfin sem þeir vinna.<sup>2</sup>
- Virkja menningarlegt auðmagn innflytjenda - hina „ósýnilegu“ menningu:

„Innflytjendur koma með fjölbreyttar hefðir, tungumál og sjónarmið sem auðgar samfélagið á grundvelli menningar, sköpunar, fjölbreytni og félagslegslegs krafts“ (Portes, A., & Rumbaut, R. G. (2006). *Immigrant America: A Portrait* (3. útg.). University of California Press).

"Immigrants bring with them a wide array of cultural traditions, languages, and perspectives that contribute to the richness of the host society's cultural capital, fostering creativity, diversity, and social dynamism" (Portes, A., & Rumbaut, R. G. (2006). *Immigrant America: A Portrait* (3rd ed.). University of California Press).

Menningaríjsaki Edward Halls um „ósýnilega“ eða „djúpa“ menningu: <https://bccie.bc.ca/wp-content/uploads/2020/09/cultural-iceberg.pdf> (Athugið að eftirfarandi pdf skjal er í vinnslu yfir á íslensku og pólsku).

Athugið að skjalið uppfærist reglulega á hverri önn – eftirfarandi skjal er fyrir haust 2024.




---

<sup>2</sup> Sjá t.d. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2024/09/04/Ny-uttekt-OECD-um-innflytjendur-a-Islandi-Mikilvaegt-ad-setja-inngildingu-innflytjenda-a-dagskra/>